



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 22.9. '20

Úrskurður aganefndar 22. september 2020

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Garðar Benedikt Sigurjónsson leikmaður Vængja Júpiters hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Harðar og Vængja Júpiters í Grill 66 deild karla þann 18.09.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Bragi Axelsson starfsmaður Harðar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í Harðar og Vængja Júpiters í Grill 66 deild karla þann 18.09.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að þjálfarinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
3. Þorsteinn Leó Gunnarsson leikmaður Aftureldingar hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Fram og Aftureldingar í Olís deild karla þann 17.09.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 d) þar sem brotið á sér stað á seinustu þrjátíu sekúndum leiksins. Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
4. Logi Snædal Jónsson leikmaður Víkings hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Vals U og Víkings í Grill 66 deild karla þann 19.09.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

